

Fundargerð XXXIII. landsþings

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2019, föstudaginn 29. mars kl. 10:00 XXXIII. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið á Grand hóteli í Reykjavík og hófst það kl. 10:00 árdegis.

1. Þingsetning

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður sambandsins, setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna.

Formaður fór yfir nokkur mál er stjórn sambandsins hefur unnið að varðandi stefnumörkun sambandsins sem sett var á síðasta landsþingi.

Að mati formanns er efling sveitarstjórnarstigsins það mál sem helst brennur á sveitarstjórnarmönnum. Hún greindi frá því að starfshópur sem sveitarstjórnarráðherra setti saman til að móta stefnu og aðgerðaráætlun í málefnum sveitarfélaga hefði starfað frá síðasta landsþingi og drög að stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga í formi þingsályktunartillögu yrði kynnt í júní 2019. Boðað verði til auka landsþings í haust eða í upphafi vetrar til að fjalla um þingsályktunartillöguna áður en hún verður afgreidd á Alþingi.

Formaður hvatti til þess að sveitarstjórnarmenn tækju umræðuna um með hvaða hætti hægt væri að veita íbúum sveitarfélaga svo til sambærilega þjónustu. Að mati formanns verður það gert með öflugra sveitarstjórnarstigi og stærri og öflugri sveitarfélögum.

Formaður ræddi þróun ferðamannþjónustunnar og hvatti til langtíma stefnumótunar á því sviði. Þá kvaðst hún svartsýn á að breytingar yrðu á fyrirkomulagi gistinguáttagsins á næstunni.

Formaður kom inn á samgöngumál og hugmyndir um gjaldtöku. Í því sambandi hvatti hún til þess að jafnræðis yrði gætt meðal þeirra sem nýta vegakerfið.

Í þeirri vinnu sem framundan er varðandi kjarasamninga er mikilvægt að mati formanns að kjarasamningar byggi á verðmætasköpun útflutningsgreina og því megi hið opinbera ekki taka forystu. Hún benti á að sveitarfélögin yrðu að búa sig undir kostnaðaraukningu vegna nýrra kjarasamninga þannig að mögulega þyrfti að herða sultarólina, en á móti kæmi sú staðreynd að sveitarfélög væru að tapa stórum fjárhæðum vegna svartrar atvinnustarfsemi og við því yrðu að bregðast.

Í lok ræðu sinnar ræddi formaður um hugmyndir ríkisstjórnarinnar um skerðingu á framlögum í jöfnunarsjóð sem hún kvað hafa komið sem þruma úr heiðskíru lofti og sagði það dapurlegt ef frumhlaup sem þetta myndi setja annars góð samskipti ríkis og sveitarfélaga í uppnám

Að lokum lagði formaður áherslu á að sveitarfélögin væru hornsteinn lýðræðis í landinu og meginstoð velferðar íbúanna. Því væri nauðsynlegt að tryggja sjálfstjórn þeirra í framtíðinni.

2. Kosning þingforseta, ritara og kjörbréfanefndar

Samkvæmt tillögu formanns sambandsins voru þau Jón Björn Hákonarson, forseti bæjarstjórnar í Fjarðabyggð, og Karen Elísabet Halldórsdóttir bæjarfulltrúi í Kópavogi kjörin þingforsetar.

Borin var upp tillaga um kjör ritara og voru kjörin Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm og Þórður Kristjánsson starfsmenn sambandsins.

Fundarstjórar tóku næst við stjórn þingsins. Var þá borin upp tillaga um kjörbréfanefnd. Í kjörbréfanefnd voru kjörin Guðmundur Ari Sigurjónsson, bæjarfulltrúi Seltjarnarnesbæjar, Grétar Ingi Erlendsson, bæjarfulltrúi Sveitarfélagsins Ölfuss og Eydís Ásbjörnsdóttir, formaður bæjarráðs í Fjarðabyggð

3. Húsnæðismál

Anna Guðmunda Ingvarsdóttir, aðstoðarforstjóri Íbúðalánasjóðs, flutti erindi um 40 tillögur átakshóps í húsnæðismála.

Átakshópurinn var skipaður 4. desember 2018 og skilaði tillögum sínum 19 janúar 2019. Það voru 10 aðilar sem sátu í þessum hóp frá ríki, sveitarfélögum, atvinnulífi og stéttarfélögum og endurspeglaði hópurinn því breiðan hagsmunahóp og sjónarmið. Lagt var upp úr því að byrja á að greina þörf og framboð. Með hópnum störfuðu sjö undirhópar og niðurstaðan voru 40 tillögur í 7 flokkum en flokkarnir voru almennar íbúðir, húsnæðisfélög, leiguvernd, skipulags- og byggingamál, samgöngur, ríkislóðir og upplýsingar um húsnæðismál.

Breið samstaða var um tillögurnar bæði innan og utan hópsins. Hópurinn lagði áherslu á að tillögunum yrði fylgt eftir og hefur íbúðalánasjóður fengið það verkefni. Íbúðalánasjóður hefur verið að þróa frá því að vera lánveitandi yfir í að vera stjórnvald á sviði húsnæðismála. Til þess að koma þessum tillögum í framkvæmd þarf styrk og samstarf við sveitarfélögin og markmiðið er að ekki ætti að vera aftur þörf á átaki í húsnæðismálum.

Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri í Norðurþingi, flutti erindi um áskoranir utan höfuðborgarsvæðisins. Fram kom að það sé mikilvægt að fylgja eftir orðum með gjörðum og það sé ýmislegt gott í gangi þótt fólk geti verið óþreyjufullt að kerfið gangi hraðar. Húsnæðisáætlanir einfalda mjög yfirsýn í húsnæðismálum og eru mun fleiri húsnæðisáætlanir til staðar í dag en fyrir nokkrum árum. Nauðsynlegt sé að finna leiðir til að flýta fyrir uppbyggingu hagkvæms húsnæðis á vaxtarsvæðum en einnig utan vaxtarsvæða.

Kristján þakkaði Íbúðalánasjóði fyrir þá vinnu og viðhorf sem hefur átt sér stað varðandi greiningu á stöðu markaðarins og upplýsingagjöf til sveitarfélaga og vonandi fær stofnunin stuðning til að auka jafnvægi milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins.

Pó væri vaxandi vandi að uppbygging á sér stað að mestu leyti á höfuðborgarsvæðinu en á sama tíma er fjölgun íbúa einnig á landsbyggðinni. Grunnstefið er alltaf að það sé ekki byggt á landsbyggðinni því það er of mikið

bil milli byggingarkostnaðar og fasteignaverðs. Þá stendur landsbyggðin frammi fyrir því hvernig sé hægt að byggja upp atvinnustarfsemi ef ekki er hægt að byggja íbúðir fyrir væntanlegt starfsfólk. Þetta eru raunverulegt vandamál á landsbyggðinni.

Kristján fór einnig inn á þau vandamál er sveitarfélög standa frammi fyrir þegar þau eiga gífurlegt magn íbúða sem eru leigð út á leiguverði sem er í engu samræmi við það sem gengur og gerist á markaði ásamt þeim vandamálum er myndast vegna Airbnb.

Fjallaði hann einnig um tilraunaverkefni ríkisstjórnarinnar í húsnæðismálum en 33 sveitarfélög sóttu um og 7 voru valin. Tillögur Norðurlöndu eru mjög í takt við tillögur átakshópsins en markmiðið er að vinna með norsku fyrirtæki og húsnæðissamvinnufélögum í að byggja hverfi með hagkvæmum hætti. Það þurfi að opna leið þessara aðila sem eru að fjöldaframleiða húsnæði á Norðurlöndum en í dag þarf að klæðskerasauma allar húsnæðislausnir sérstaklega að Íslandi þar sem okkar regluverk er ekki sambærilegt við þau á Norðurlöndum. Sem dæmi þarf 90 mín eldvörn milli hæða á Íslandi en 60 mín eldvörn á Norðurlöndum. Fjöldi svona atriða verða til þess að ekki er hægt að nýta sér fjöldaframleiðslu frá Norðurlöndum og leiðir til aukins byggingarkostnaðar. Einnig þarf að finna leiðir til sveigjanlegri fjármögnunar á landsbyggðinni yfir byggingartímann líkt og brúarlán og framkvæmdalán voru áður.

Í framhaldinu var opnað fyrir fyrirspurnir til Önnu og Kristjáns þar sem meðal annars var spurt og rætt um félagslegt húsnæði, tómthúsgjald, stofnframlög utan höfuðborgarsvæðisins og fleiri atriði tengd húsnæðismálum.

4. Álit kjörbréfanefndar

Guðmundur Ari gerði grein fyrir athugun kjörbréfanefndar á kjörbréfum og var niðurstaða nefndarinnar eftirfarandi:

„Kjörbréfanefnd hefur farið yfir þau kjörbréf sem sveitarfélögin hafa sent skrifstofu sambandsins.

Öll kjörbréfin eru gild.

Rétt kjörnir fulltrúar með atkvæðisrétt á þinginu eru 111 frá 57 sveitarfélögum. Þá eru mættir 3 stjórnarmenn í sambandinu með málfrelsi og tillögurétt og aðrir fulltrúar með málfrelsi og tillögurétt eru samtals 45.

Alls eru því mættir til landsþingsins 159 fulltrúar.

Að auki sitja þingið 12 gestir og 21 starfsmenn sambandsins.

Seturétt á landsþinginu eiga 154 fulltrúar frá 72 sveitarfélögum með atkvæðisrétt. Enginn fulltrúi er frá 15 sveitarfélögum.

Það er álit kjörbréfanefndar að XXXIII. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga teljist lögmætt og ályktunarbært“

5. Tillaga að samþykkt landsþingsins gegn áformum um skerðingu á framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Formaður sambandsins lagði fram og kynnti tillögu varðandi fyrirhugaða skerðingu á framlögum ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs.

Eftir umræður og minniháttar breytingar var tillagan tillagan borin upp til atkvæða. Samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða. Fimm sátu hjá og engin var á móti.

Tillagan er svohljóðandi:

Landsþing Sambands Íslenskra sveitarfélaga krefst þess að þau óásættanlegu áform sem fram koma í fyrirbyggjandi tillögu að fjármálaáætlun ríkisins fyrir árin 2020-2024 um að skerða framlög ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga næstu tvö ár um 3,3 ma.kr. verði dregin til baka.

Landsþingið minnir á að í 11. gr. laga um opinber fjármál er kveðið á um að við mótun fjármálaáætlunar skuli ráðherra leita samkomulags við Samband Íslenskra sveitarfélaga. Engar viðræður fóru fram um málið heldur var fulltrúum sveitarfélaga tilkynnt um þessa ákvörðun. Landsþingið telur vinnubrögð fjármála- og efnahagsráðuneytisins í málinu vera með öllu óásættanleg enda væri þannig verið að skapa hættulegt fordæmi um að ríkisvaldið grípi einhliða inn í lögbundna tekjustofna sveitarfélaga. Ljóst er jafnframt að fyrirhuguð skerðing framlaga jöfnunarsjóðs kemur misjafnlega niður á sveitarfélögum og bitnar harðast á sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins.

Landsþing sambandsins fer fram á að ríkisstjórnin og Alþingi tryggi að samskipti ríkis og sveitarfélaga verði á jafnræðisgrundvelli þar sem virðing og traust ríki á milli aðila. Slík samskipti hafa verið að byggjast upp undanfarin ár með góðum árangri, en er nú ógnað af hálfu ríkisins með því frumhlaupi sem landsmenn hafa orðið vitni að í þessu máli.

Landsþingið lýsir sambandið engu að síður tilbúið í viðræður um málið.

6. Samgöngumál

Aldís Hafsteinsdóttir tók til máls og bauð Sigurð Inga Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra velkomin. Næst las hún upp ályktun landsþingsins frá því fyrr um daginn og tilkynnti ráðherra að ályktunin yrði einnig send til hans og fjármálaráðherra formlega. Ítrekaði Aldís einnig frá ræðu sinni fyrr um daginn að samskipti milli ríkis og sveitarfélaga hafi verið góð hingað til með ósk um að svo verði áfram.

Sigurður Ingi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra flutti erindi með áherslu á samgöngu- og húsnæðismál. Fram kom að greiðar og góðar samgöngur séu grunnur að þjónustu og vexti hvers samfélags. Gjaldþrot WOW air, loðnubrestur og kjarasamningar valda ákveðinni óvissu í efnahagsmálum en

efnahagurinn sé sterkur og rétt að horfa björtum augum til framtíðar þrátt fyrir tímabundin áföll. Þrátt fyrir tímabundna óvissu má ekki missa sjónar á markmiði núverandi ríkisstjórnar en í stjórnarsáttmálanum er talað um að hraða uppbyggingu í vegamálum bæði með nýbyggingu og viðhaldi, að innanlandsflug sé vænlegur kostur og styðja við uppbyggingu borgarlínu.

Ljóst var að leggjast þurfti í mikla fjárfestingu í samgöngumannvirkjum eftir mögur ár í uppbyggingu og viðhaldi. Í 5 ára áætlun ber hæst viðbótar 20 milljarðar til framkvæmda og kemur þessi fjárfesting á góðum tíma meðan það róast í hagkerfinu. Ráðherra fór yfir nauðsyn þess að uppfæra samgönguáætlun í haust í samræmi við nýja fjármálaáætlun og mikilvægt væri að klára það verkefni að taka upp gjaldtöku svo hægt væri að flýta fyrir uppbyggingu, fækka slysum og auka umferðaröryggi. Þetta væri því bæði mikilvægt og arðsamnt fyrir samfélagið.

Ráðherra fór einnig yfir mikilvægi almenningssamgangna og að þær eigi að tryggja aðgengi að nauðsynlegri þjónustu, atvinnu og afþreyingu. Að auki eru almenningssamgöngur góður umhverfiskostur með betri hljóðvist, svifryk og almennum loftgæðum. Breytingin við að færa almenningssamgöngur til landshlutasamtaka og færa þannig ákvörðunartökuna nær fólkinu hefur skilað almennt árangri en vandamálið er þó fjármögnun og rekstrarfyrirkomulag. Er því unnið að nýrri stefnu, Ferðast saman, sem á að samræma heildstætt kerfi með sameiginlegri upplýsingagátt, rauntíma upplýsingamiðlun og skýru fargjaldakerfi.

Gott samtal hefur verið milli ríki og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu og blandaða leið stofnbrauta og almenningssamgangna og er nú unnið að því að finna fjármögnunarleidir fyrir stórframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu.

Ráðherra fór einnig inn á húsnæðismál og mikilvægi þess að tryggja jafnvægi á húsnæðismarkaði og að í dag væri stór hópur fólks sem byggi við óöryggi á húsnæðismarkaði og eyddi of háum hluta tekna í húsnæði. Mikilvægt skref hafi verið stigið á síðustu mánuðum við stefnumörkun til lengri tíma og þar gegnir Íbúðarlánasjóður mikilvægu hlutverki ásamt sveitarfélögum og húsnæðisáætlunum þeirra.

Að lokum þakkaði ráðherra fyrir tækifæri til að ávarpa landsþingið enda stæðu sveitarstjórnarmál honum nærri, hlutverk sveitarstjórnarstigsins er ekki síður mikilvægt í þeim hræringum sem eru í gangi á heimsvísu. Á sveitarstjórnarstigi er hægt að hafa áhrif á nærumhverfi sitt. Í dag upplifir almenningur sig valdeða áhrifalaus almennt á heimsvísu og sveitarstjórnir geta breytt þessu og aukið traust á stjórnámálum.

Rakel Óskarsdóttir, bæjarfulltrúi á Akranesi, flutti erindi um samgöngumál. Fór hún yfir upphaf Hvalfjarðargangna og þeirrar umræðu sem átti sér stað þá þegar einstaklingar töluðu um að keyra aldrei göngin, annað hvort af hræðslu við neðansjávangöng eða ósátt við að þurfa að greiða veggjöld. En margt hafi breyst síðan þá. Fór hún yfir hvernig sveitarfélögin á svæðinu, sem eru 10,

hefðu komið sér saman um sameiginlega samgönguáætlun fyrir svæðið. Verkefni sem sett voru á oddinn voru þó verkefni utan þeirra landsvæðis, þ.e.a.s. forgangsverkefni voru tvöföldun á Kjalarnesi og Sundabraut. Ástæðan er reynslan af Hvalfjarðargöngunum. Samgöngur utan landsvæðisins hafa áhrif á samfélagið og búsetuskilyrði þeirra. Því hafi verið vonbrigði að ekki var horft til forgangsröðunar svæðisins þegar samgönguáætlun var samin.

Fram kom að þegar hugmyndir um veggjöld komu fyrst fram fyrir tveimur árum fór landið á hliðina en á vesturlandi var umræðan önnur. Viðmót þar var annað því svæðið hafði jákvæða reynslu. Horft sé til þess sem ráðherra nefndi, að stórar samgöngubætur leiða til meira umferðaröryggis og tímasparnaðar, stækkun atvinnusvæða, hækkun fasteignaverðs og almennt betri hagur til sveitarfélagsins. Sem dæmi hafa Hvalfjarðargöngin leitt til þess að nemendur þurfa ekki að flytja í burtu til að sækja nám utan svæðisins.

Taldi Rakel að almennt væri fólk jákvæðara fyrir veggjöldum í dag og talaði frekar um flýtigjöld og tengdi það við Hvalfjarðargangamódelið. Slík gjöld gerðu það að verkum að hægt væri að fara í stórar og fjárfrekar framkvæmdir sem eru nauðsynlegar enda vegakerfið löngu sprungið, slysgildir víða og landslagið gjörbreytt frá því þegar Íslendingar voru einir að keyra um vegi landsins.

Margrét Ólöf A. Sanders, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ, flutti erindi þar sem farið var inn á veggjöld, hverjir ættu að greiða og hvernig. Fram kom að um 60 milljarða þyrfti í samgöngumál og erfitt væri að ráðast í slíkar framkvæmdir nema með sérstakri skattheimtu. Hvalfjarðargögnin voru vel heppnuð þar sem fólk sparaði sér tíma og peninga og því var sátt um að greiða veggjöld. Hún hafði þó áhyggjur af umræðu sem hafði átt sér stað varðandi það að Reykjanesbrautin sem er fjölfarnasti vegurinn myndi greiða upp framkvæmdir á öðrum fáfarnari svæðum og hugnaðist henni það ekki. Kom hún inn á mikilvægi þess að bæta samgöngur innan höfuðborgarsvæðisins því þeir sem keyra t.d. af Suðurnesjum til borgarinnar daglega lenda í umferðarteppu innan borgarinnar.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, borgarfulltrúi, flutti erindi um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Hagsmunir og lífsgæði íbúa svæðisins sé það sem sameinar stjórnámálamenn svæðisins. Áherslurnar höfuðborgarsvæðisins byggja á vinnu sem hófst 2013. Fram kom að ef ferðavenjur breytast ekkert verður 40% aukning á umferð á höfuðborgarsvæðinu en aðeins 24% ef það næðist að breyta ferðavenjum. Tafir í umferð eru meira bundnar við ákveðna umferðarstrauma en ákveðin gatnamót, því þurfi að bæta ljósstýringu á gatnamótum, nauðsynlegt sé að fara í framkvæmdir á sumum stöðum til að minnka umferðatafir og auka umferðaröryggi.

Fór hún yfir að 32% af losun kolefnis undir beinni ábyrgð íslenskra stjórnvalda sé frá vegasamgöngum og því tengist breyttar ferðavenjur í þéttbýli aðgerðaráætlun í loftslagsmálum og markmiðið væri kolefnishlutlaus borgarsamfélag. Borgarlína er lykilþáttur í því að breyta ferðavenjum með hagkvæmum samgöngum ásamt hjólastígakerfi.

Kostnaður við uppbyggingu borgarlínu er 42 milljarðar, 50 milljarðar vegna annarra framkvæmda á stofnvegakerfi og 3 milljarðar í hjólastíga. Alls eru þetta 95 milljarðar til ársins 2033. Verkefnið er ærið, vel undirbúið og því ekkert að vanbúnaði en taka þarf ákvörðun um fjármögnun og hefja vegferðina.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, bæjarfulltrúi á Akureyri, flutti erindi um samgöngumál. Fagnaði hann framkominni samgönguáætlun og lýsti yfir ánægju með vinnubrögð ríkisstjórnarinnar. Fram kom að greidd væru veggjöld í Vaðlaheiðagöng en gögnin hafi gjörbreytti atvinnusvæðinu og séu mjög mikilvæg. Göng séu því miklar samgöngubætur og breyta samfélögum og halda ætti áfram gangnagerð.

Akureyringum er millilandaflug og Akureyrarflugvöllur hugleikinn sem og almenningssamgöngur en fjármagn vantaði í báða málaflokka. Finna átti nýtt fyrirkomulag á samstarfi um almenningssamgöngur fyrir næstu áramót en nú eru bara 9 mánuðir til stefnu og of skammur tími til að semja við nýja aðila og því vandræði framundan. Hvatti hann síðan ráðherra til að halda áfram að horfa til skosku leiðarinnar varðandi innanlandsflug en það væri mikið hagsmunamál allra landsmanna en ekki bara landsbyggðinni.

Í framhaldinu sátu frummælendur fyrir svörum og var meðal annars spurt um og rætt staðsetning innanlandsflugs þar sem ráðherra tók fram að flugvöllurinn í Reykjavík yrði á sínum stað svo lengi sem ekki finnst betri kostur. Rætt var um fjármögnum vegaf framkvæmda og voru meirihluti fundarmanna jákvæðir gagnvart veggjöldum. Rætt var um misjafna gjaldtöku af bifreiðum eftir því hver orkugjafinn væri og hvernig leysa ætti úr því verkefni í framtíðinni.

7. **Kjaramál**

Sigurður Ármann Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins, flutti erindi þar sem reynt var að svara spurningunni „Hafa allir dregist aftur úr?“. Fór hann yfir nokkrar lykiltölur varðandi launaþróun á árunum 2010-2018. Þar kom m.a. fram að lítt munur virðist vera á launaþróun eftir bandalögum launafólks og viðsejendum. Enn fremur að launamunur hafi ekki aukist. Þá virðist opinberi markaðurinn hafa verið leiðandi í launasetningu. Sigurður skoðaði launabreytingar eftir fjórðungum árin 2015-2018. Þar kemur í ljós að mesta hækkun hjá neðri fjórðungi launafólks hafi verið hjá sveitarfélögunum en minnst á almenna markaðnum. Efsti fjórðungurinn, þeir 10% hæstu hafa sömuleiðis hækkað mest hjá sveitarfélögunum en minnst hjá ríki.

Sigurður benti á að hagtölur segðu ekki alla söguna. Hann vakti athygli á að þrátt fyrir aukinn kaupmátt síðustu ára hafi verið órói á vinnumarkaðnum sem gæti skýrst af mismunandi þáttum, s.s. miklum væntingum, þróun skattbyrði og skerðingu bóta. Varðandi spurninguna hvort allir hafi dregist aftur úr, svaraði Sigurður því til að ljóst væri að einhverjir hefðu dregist aftur úr einhverjum.

Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins, flutti erindi um stöðu kjaraviðræðna. Fram kom að þessa stundina væri lítið að gerast í kjaraviðræðum sambandsins. Ástæðan væri „biðin eftir merkinu“, þ.e. beðið væri eftir því að kjarasamningar næðust á almenna markaðinum. Engu að síður sagði Inga Rún að samninganefnd sveitarfélaga væri að vinna að undirbúningi viðræðna. Fram undan eru viðræður við 56 stéttarfélög vegna endurnýjunar 35 kjarasamninga, auk 8 kjarasamninga við kennara og skólastjórnendur sem renna út í sumar. Kröfurnar sem þegar eru fram komnar eru um 200. Þau mál sem virðast vera í forgrunni eru nokkur, en nefna má krónutöluhækkun lágmarkslauna, launaþróunartrygging, jöfnun launa milli markaða og stytting vinnuvikunnar. Inga Rún sagði að miklar vonir væru bundnar við að starfsmatið verði grundvöllur að bættri stöðu þeirra háskólamanna er starfa hjá sveitarfélögunum.

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, flutti erindi um hvað geta sveitarfélögin gert til að sporna við brotastarfsemi á vinnumarkaði? Halldór fór yfir að gífurlegar breytingar hefðu átt sér stað undanfarin ár á íslenskum vinnumarkaði. Þenslan væri borin að miklu leiti uppi af erlendu vinnuafli. Þessu fylgdi brotastarfsemi og félagsleg undirboð.

Það alvarlega sagði Halldór, er að þessi starfsemi fengi meira og minna að viðgangast óáreitt. Þetta séu að verða umfangsmesta brotastarfsemin hér á landi. Brotin beinast helst gegn þeim sem eru veikastir fyrir á vinnumarkaðnum, útlendingum og ungu fólki. Halldór lagði áherslu á að brotastarfsemin beindist gegn samfélaginu öllu, m.a. vegna skattaundanskota. Fjallaði hann um skýrslu samstarfshóps félags- og barnamálaráðherra um félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði og skírskotaði til ábyrgðar stjórnvalda, þar á meðal sveitarfélaga.

Halldór fjallaði í erindi sínu um skýrslu samstarfshóps félags- og barnamálaráðherra um félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði. Hann skírskotaði til ábyrgðar stjórnvalda, þar á meðal sveitarfélaga.

Taldi Halldór að sveitarfélög gætu beitt sér á margvíslegan hátt varðandi þessi mál t.d. með því að setja ákvæði um keðjuábyrgð í verk- og þjónustusamninga, styðja löggjöf til að sporna við kennitöluflakki, knýja á um aðgerðaráætlun gegn mansali, miðla upplýsingum til erlendra starfsmanna um réttindi og skyldur og stuðla að staðbundnu samstarfi með stjórnvaldsstofnunum og stéttarfélögum um heilbrigðan vinnumarkað. Að lokum lagði Halldór áherslu á að sveitarfélögin hefðu siðferðislega skyldu til að verja og efla hér á landi skipulagðan og heilbrigðan vinnumarkað.

Að erindunum loknum sátu frummælendur fyrir svörum. Þar var meðal annars spurt um áherslu á styttingu vinnuvikunnar sem Inga Rún kvað ekki vera mikinn ennþá. Þá var beðið um að afturvirkni samninga yrði ekki í boði og um aukið samráð við sveitarstjórnarfólk. Inga Rún sagði að kappkostað yrði að vera í sambandi við sveitarstjórnarfólk að svo miklu leyti sem hægt væri. Þá útskýrði Halldór reynslu Norðmanna af keðjuábyrgð. Að lokum sammæltust þau Inga Rún og Halldór um það að nauðsynlegt væri að líta sérstaklega til lægstu launanna í komandi kjaraviðræðum.

8. Þingslit

Heiða Björg Hilmisdóttir, varaformaður sambandsins, sleit þinginu og þakkaði þingfulltrúum fyrir komuna og góðan dag, framsögumönnum fyrir þeirra þátt og starfsmönnum sambandsins fyrir undirbúning og framkvæmd landsþingsins.

Þinginu var slitið kl. 15:45

Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm

Pórður Kristjánsson